

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

915. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 18. ágúst 2016 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður, Gunnar Þorgeirsson varamaður og Ingimar Sigurðsson varamaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir.

Afgreiðslur:

- 1. 1607012 Lagt fram bréf Orkufjarskipta** dags. 4. júlí, áður á dagskrá 911. fundar byggðarráðs, þar sem óskað er eftir leyfi sveitarfélagsins fyrir lagningu ljósleiðarastrengs frá Kolkustíflu að tækjahúsi Mílu við Stað í Hrútafirði. Fyrir liggur samþykki forsætisráðuneytisins um leyfi til lagningar í þjóðlendu með vísan til heimildar í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998.

Byggðarráð veitir hér með leyfi fyrir hinni fyrirhuguðu framkvæmd á grundvelli fyrirliggjandi sammings með því skilyrði að sem minnst rask verði á landslagi og jarðvegi, að við frágang verði þess gætt að sáð verði í öll þau jarðvegssár sem verða á grónu landi, að röskuð svæði verði mótuð í samræmi við landslag og aðlöguð að landinu í kring.

- 2. Fundargerð 270. fundar skipulags- og umhverfisráðs** frá 4. ágúst sl., liður 9. Áður á dagskrá 911. fundar.

Borinn undir atkvæði 9. dagskrárliður og samþykktur með 3 atkvæðum.

Fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:32

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Gunnar Þorgeirsson

Ingimar Sigurðsson

Guðný Hrund Karlsdóttir